



©Icelandic Eyra @acharki95



Vestfjarðastofa

VESTFJARÐASTOFA

FRÉTTABRÉF DESEMBERMÁNAÐAR 2024

 VESTFJARÐASTOFA
SUÐURGATA 12
400 ÍSAFJÖRÐUM

 FV@VESTFIRDIR.IS
 WWW.VESTFIRDIR.IS
 450-6600

MIKILVÆGT AÐ VITA HVERT VIÐ ÆTLUM

Í byrjun árs 2025 verða árin mín hjá Vestfjarðastofu orðin sjö. Sjö viðburðarík ár full af bæði gleði og sorg, sigrum og ósigrum, sum sé full af öllu því sem lífið hefur uppá að bjóða. Árið 2024 var árið sem ég upplifði að við Vestfirðingar réttum almennilega úr bakinu og byrjuðum að trúna því aðeins að svæðið væri að rétta úr kútnum. Hjá okkur á Vestfjarðastofu var þetta ár stefnumótunar, ár þar sem við reyndum að rýna inn í framtíðina og leggja grunn sem hægt verði að byggja á til framtíðar.

Það er nefnilega þannig að hvort sem er í okkar eigin persónulega lífi eða „lífi“ landshluta þá þarf að hafa fyrir því að móta framtíðina, leggja grunninn og byggja síðan upp skref fyrir skref. Við náum ekki alltaf settum markmiðum, við þurfum ítrekað að staldra við og taka stöðuna og setja okkur ný markmið. Það tekst sannarlega ekki allt. En eins og segir í sögunni um Lísu í Undralandi þá er það svo að ef þú veist ekki hvert þú ætlar skiptir ekki máli hvert þú ferð. Við þurfum nefnilega stefnu til að vita hvert við ætlum.

Við gerð nýrrar Sóknaráætlunar Vestfjarða var eftirfarandi framtíðarsýn sett fram um Vestfirði ársins 2050:

Vestfirðir eru einstakt svæði til að njóta hreinnar náttúru og kyrrðar. Svæðið er fjölbreytt og framúrskarandi til búsetu, atvinnu og heimsóknna. Þar er öflugt, vaxandi alþjóðlegt þekkingarsamfélag sem einkennist af kraftmikilli sköpun, sterki sjálfsmynd og umhverfisvitund. Á Vestfjörðum eru góðir innviðir, öflug þjónusta, fjölbreytt atvinnulíf og blómstrandir menning. Fjórðungurinn einkennist af samheldnum samfélögum sem byggja á virðingu fyrir fólki, umhverfi og auðlindum.

Sóknaráætlun Vestfjarða er til fimm ára 2025-2029. Sveitarfélögin á Vestfjörðum ætla að ganga enn lengra og nú er unnið að Svæðisskipulagi fyrir Vestfirði til ársins 2050. Svæðisskipulag verður eftir árið 2026 sú áætlun sem unnið verður eftir og gerum við ráð fyrir að Sóknaráætlun til fimm ára verði hluti af aðgerðaráætlun Svæðisskipulags. Það er mín einlæga sannfæring að með gerð þessara áætlana stígum við Vestfirðingar stór skref til að vita hvert við ætlum. Það er mikilvægt.



*Sigríður Ó. Kristjánsdóttir
framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu*

Ég vil þakka öllum þeim sem komið hafa að vinnu við nýja Sóknaráætlun og Svæðisskipulag Vestfjarða á árinu 2024. Við höfum átt mikilvæg samtöl og samstarf við stóran hóp Vestfirðinga. Ráðgjafar okkar frá Úrbana og VSÓ hafa leitt verkefnið vel og vil ég þakka þeim þeirra góða framlag. Við höfum átt frábært samstarf við sveitarfélögin á Vestfjörðum, bæjar- og sveitarstjóra. Ég vil sérstaklega þakka þingmönnum kjördæmisins á nýliðnu kjörtímabili sem unnið hafa að hagsmunum Vestfjarða undanfarin ár fyrir einstaklega gott samstarf og bjóða velkomna til samstarfsins nýkjörna þingmenn.

Ég nýt þeirrar gæfu að fá að vinna með frábærum hópi fólks sem öll vinna af eldmóði að hagsmunum Vestfjarða. Það er gaman að vinna þar sem unnið er af eldmóði og krafti. Ég er afar stolt af Vestfjarðastofu og öllum þeim mikilvægu verkefnum sem við vinnum að og horfi með tilhlökkun til ársins 2025.

TAKK FYRIR AÐ HAFA VERIÐ HÉRNA!

Jóhanna Ösp Einarrsdóttir

Fyrrum formaður Fjórðungssambands Vestfirðinga og Vestfjarðastofu

Fyrir fjórum árum síðan veðjaði sveitarstjórnarfolk á Vestfjörðum á einhverja 35 ára þú úr einu af minni sveitarfélögum á Vestfjörðum. Hún hafði bara tveggja ára reynslu úr pólitík en þau sáu eitthvað í henni sem hún sá ekki sjálf. Skjálfandi á beinunum lét hún slag standa, sennilega af því að hún þorði ekki að segja nei við Lilju Magnúsdóttur. Þessi unga kona var samt óhrædd að leggja sig fram í embætti formanns Fjórðungssambandsins og gerði sitt allra besta að sinna því eins vel og hún gat. En þar sem það er skrytið að hafa langa stöðuuppfærslu í þriðju persónu þá er þessi kona ég.

Síðustu fjögur ár hafa gefið mér svo mikið að ég held þið trúið því ekki. Ég er svo þakklát fyrir þetta lærdómstækifæri að nú er ég bara meir og stolt. Ég hef lært svo margt af Aðalsteini um samskipti sveitarfélaganna við stjórnvöld, um orkumál á Vestfjörðum, samgöngumál og svona mætti lengi telja, það er nefnilega hægt að fletta upp í kollinum á honum hraðar en að spyrja Google eða gervigreindina. Ég hef lært svo margt um stefnumótun, uppbyggingu og að grípa tækifærin af Sírý og svo er hún líka svo mikil fyrirmynd sem kona á þessum vettvangi, pínulítill en grjóthörð og segir alltaf það sem henni finnst.

Ég átti frábært samstarf í stjórninni og við allt starfsfolk Vestfjarðastofu, við Vestfirðingar erum nefnilega svo rík af mannauði. Svo eru það allt fólkið sem maður myndaði tengsl við um land allt! Að fá að kynnast þeim sem manneskjum, en ekki sem pólitískum andstæðingum, tengslamyndun þvert á kjördæmi, flokka og sveitarfélög hefur verið mjög gjöful.



Á Vestfjörðum höfum við tekist á en samt hlegið saman, jafnvel sungið saman og við erum að læra smátt og smátt að við þurfum ekki öll að vera eins til að vera frábær!

Á síðasta Fjórðungspinginu mínu las ég úr nýju upphaldsbókinni minni, Strákurinn, moldvarpan, refurinn og hesturinn:

„Stundum langar mig að segjast elska ykkur alla,” sagði moldvarpan „en mér finnst það eitthvað óþægilegt.”

„Er það?” sagði strákurinn.

„Já, svo ég segi eitthvað annað, eins og til dæmis: Ég er svo glöð að við erum öll hérna.”

„Ég skil.” Sagði strákurinn

„Ég er svo glöð að við erum öll hérna.” Sagði moldvarpan.

Og þið trúið því ekki hvað ég er glöð að við höfum öll verið hérna! Takk fyrir síðastliðin ár þið öll og óska ég nýrri stjórn óska ég velfarnaðar í starfi!

KVEÐ STERKAR STRANDIR OG VESTFJARÐASTOFU

Sigurður Líndal Þórisson - Hólmavík



Komandi áramót verða starfstengd tímamót hjá mér. Sterkar Strandir ljúka sinni formlegu vegferð, en því verkefni hef ég nú stýrt í á fimmta ár. Um áramót kveð ég líka Vestfjarðastofu, þann góða vinnustað, og held á önnur mið. Mig langar að nota tækifærið og þakka stjórn, stjórnendum og starfsmönnum Vestfjarðastofu kærlega fyrir samstarfið, og Vestfirðingum og Strandamönnum fyrir góð kynni.

Sterkar Strandir er byggðapróunarverkefni í Strandabyggð sem rekið er undir merkjum Brothættra byggða, sem er ein af aðgerðum Byggðaáætlunar 2020-2024 og sértækt verkfæri Byggðastofnunar til aðstoðar við byggðarlög sem standa höllum fæti. Byggðalög sem glímt hafa við viðvarandi fólksfækkun, fækkun atvinnutækifæra og að atvinnulíf og þjónusta hafa veikst. Verkefnið er samstarfsverkefni heimamanna, Strandabyggðar, Byggðastofnunar og Vestfjarðastofu.

Sterkar Strandir mótaði sér eftirfarandi framtíðarsýn fyrir árið 2025: Íbúar eru stoltir af sinni heimabyggð. Menntunar- og tómstundatækifæri barna og fullorðinna eru í fremstu röð og eftirtektarverð. Mannlífið er margbrotið og menningar- og félagsstarf þróttmikið. Allt samfélagið tekur afar vel á móti nýjum íbúum og svæðið er freistandi búsetukostur. Samfélagið leggur áherslu á sjálfbærni og sátt við náttúruna. Stórbrotið umhverfið býður upp á margvísleg tækifæri til útivistar og heilsuefning er í hávegum höfð. Atvinnulífið er fjölbreytt, með áherslu á nýsköpun, skapandi störf, ferðaþjónustu og rannsóknir, til viðbótar traustum grunnatvinnuvegum. Mannauður hefur verið kortlagður og íbúar hafa tækifæri til að nýta hæfni sína, reynslu og menntun. Innviðir eru traustir, svo sem góðar vegasamgöngur, háhraða nettenging, og gott afhendingaröryggi raforku. Hitaveitan er komin á Hólmavík og raforkukostnaður hefur verið jafnaður í dreifbýli og þéttbýli. Öflug þjónusta, kraftmikil stjórnsýsla og metnaðarfullt starfsfólk einkenna samfélagið.



Meginmarkmiðin voru: Sterkir innviðir og öflug þjónusta, stígandi í atvinnulífi og stolt og sjálfbært samfélag. Innan þeirra var fjöldi starfsmarkmiða, sem ætlað var að færa svæðið í átt að framtíðarsýnni.

Við upphaf verkefnisins 1. Janúar 2020, voru íbúar í Strandabyggð 436. Í desember 2024, eru íbúar 421. Ljóst er því að hvað aðalmarkmið verkefnisins varðar, að sporna gegn fólksfækkun, má í besta falli tala um varnarsigur – þar sem hægðist á fólksfækkun. En varnarsigrar eru bara ósigrar með góða hárgreiðslu.

Okkur hefur ekki tekist að ná fram aðalmarkmiði okkar. En öðrum verkefnum undir hætti Brothættra byggða hefur gengið það illa líka, eins og kom fram í skýrslu KPMG um verkefnið á afmælisári þess. Þá hlýtur að blasa við að annað hvort sé verkefnið of stórt, eða verkfærið sem ætlað er til verksins lélegt. Nema hvort tveggja sé.

Ég vona að verkefnisstjórum Brothættra byggða verði í framtíðinni útveguð verkfæri sem duga, eða að öðrum kosti væntingum íbúa til verkefnisins stillt í raunsætt hóf. Annað er ekki heiðarlegt.

Að því sögðu óska ég þér, lesandi góður, velfarnaðar á nýju ári.

GILDI SAMTALSINS OG BJARTIR TÍMAR

Aðalsteinn Óskarsson - Ísafirði

Ég myndi vilja að horft yrði til ársins 2024 sem ársins þar sem vestfirsk sveitarfélög settu nýjan og aukinn kraft í að móta framtíð samfélaganna. Vinna hófst við gerð Svæðisskipulags Vestfjarða 2026-2050 og nýjar áherslur komu fram með afgreiðslu Sóknaráætlunar 2025-2029. Eins var lokið við skýrslu um greiningu á stöðu og mótun tillagna sem varða verndun og nýtingu Breiðafjarðar í samvinnu við sveitarfélög á Vesturlandi.

Ef við horfum í baksýnispegillinn á byggða- og atvinnuþróun Vestfjarða sjáum við skil undir lok níunda áratug síðustu aldar. Eftir um tuttugu ára uppsveiflu tók við mjög sveiflukennt þrjátíu ára tímabil með samdrætti í frumframleiðslugreinum og endurtekin áföll vegna náttúruhamfara. Slæm staða innviða s.s. í samgöngum og orkumálum gerðu svæðinu einnig mjög erfitt fyrir til að finna viðspyrnu.

Á þessu tímabili fækkaði íbúum á Vestfjörðum um þriðjung, en síðan kom jafnvægi í íbúaþróun en alltaf undir hlutfallslegri fjölgun á landsvísi. En nú er meginhluti samfélaga á Vestfjörðum að upplifa nýtt efnahagsævintýri, sem telja verður að standi á fleiri og traustari stöðum en fyrri uppsveiflur. Við eru einnig loks að sjá eftir áratuga bið, að Vestfirðir eru að ná sambærilegri stöðu í innviðamálum og aðrir landshlutar og við sjáum að íbúum fjölgar nú hraðar en sést hefur í langan tíma.

Það þarf þó sterk bein að þola góða daga. Nýjar aðstæður kalla á breytta hugsun og breytta nálgun á viðfangsefni. Í stað þess að kljást um takmarkaðar bjargir s.s. innviði og auðlindir, er nú hægt að ræða hvernig unnið er saman að því að stækka kökuna og auka farsæld allra samfélaga á Vestfjörðum. Sveitarfélögin gegna hér mikilvægu hlutverki með ákvörðunum um nýtingu og verndun lands og náttúru á sameiginlegum vettvangi með gerð svæðisskipulags.



Í verki sýna sveitarfélögin á Vestfjörðum þann vilja að svæðisskipulagið móti framtíðarsýn fjórðungsins með tilliti til skipulags og annarra áætlana. Svæðisskipulagi Vestfjarða er ætlað að vera hreyfiafl fyrir sameiginlega hagsmuni Vestfirðinga gagnvart stjórnvöldum, en ekki síður hreyfiafl inn á við með þróun menningar og farsældar samfélaganna.

Gildi svæðisskipulagsvinnunnar fyrir Vestfirði felst ekki síður í ferðalaginu en afurðinni. Það að koma saman, ræða stöðu og framtíð Vestfjarða, eykur samtakamátt og samheldni sveitarfélaganna í gegnum samtalið og eins mun samtalið nýtast til að finna leiðir til lausna á ágreiningsmálum.

Nú leggjum við að baki erfiða fortíð og nýtum það gullna tækifæri sem við höfum fyrir samfélagin. Við höfum náð og munum ná á næstu árum stórum áföngum í samgöngu-, orku- og fjarskiptamálum, sem styrkja vaxandi atvinnulíf og samfélög og getum horft fram til þess að njóta uppsveiflunnar og aukinnar velsældar.

BYR Í SEGLUM VESTFIRÐINGA

Guðrún Anna Finnbogadóttir - Patreksfirði

Undanfarið hefur starfsfólk Vestfjarðastofu setið og gert plan fyrir árið 2025 og hugsa ég að þetta komandi ár verði bæði fjölbreytt og spennandi eins og oft vill vera. Til að gefa ykkur smá innsýn í þau verkefni sem hafa verið á mínu borði á árinu sem nú er að líða má nefna: skógrækt, líffræðilegan fjölbreytileika, fiskeldi, sjávarútveg og Sjávarútvegsklasa Vestfjarða. Hafsjór af hugmyndum átti sitt fimmta starfsár og svo voru það: þörungar, skólamál, Þekkingarsetrið Vatneyrarbúð á Patreksfirði, samfélagsmál, Sóknarhópur Vestfjarða, loftslagsmál, hringrásarmál, áburðarframleiðsla, umhverfismál, sorpmál og orkumál. Til viðbótar var allra handa fundaseta, ferðalög, ráðstefnur, auk þess að lesa yfir lagasetningar og skrifa ályktanir.

Þegar ég lagði af stað inn í nýja árið var ljóst að verkefnið væru fjölbreytt og spennandi að sjá hvort að allt myndi takast eins og upp var lagt með. Það má segja að mjög margt hafi tekist vel og sumt framfar vonum. Að sjá mál þokast í rétta átt er alltaf gefandi og gera það í samstarfi við góða vinnufélaga og fólkið á Vestfjörðum er rúsínan í pylsuendanum.

Það er gott að finna að það er byr í seglum Vestfirðinga og það auðveldar okkur að takast á við þær áskoranir sem við eigum í. Úrbætur innviða, efling atvinnulífs og efling samfélagana gerir okkur kleift að sigla áfram til bjartrar framtíðar.

Þau verkefni sem hafa gengið hægar eru nú komin á framkvæmdalista ársins 2025! Mér er því ekkert að vanbúnaði að bretta upp ermar og hefjast handa. Ég horfi björtum augum til framtíðar og hlakka til að leggja mitt af mörkum við að gera vestfirskt samfélag enn betra.

Ég þakka öllum samstarfið á árinu sem er að líða og er spennt fyrir því sem nýja árið ber í skauti sér.



VAFSTUR VÍTT OG BREITT

Magnea Garðarsdóttir - Ísafirði

Árið 2024 hefur verið viðburðaríkt. Mitt verkefnasvið hjá Vestfjarðastofa er ansi fjölbreytt og því verkefni eftir því. Stærsti sigur ársins er ný Sóknaráætlun sem leit dagsins ljós. Það er svo gaman að sjá svona mikla vinnu verða að einhverri afurð. Farið var í mikið samtal við íbúa og hagsmunaaðila og ekki skemmir það að vera í góðu teymi sem vinnur virkilega vel saman. Ég er stolt af þessar áætlun hjá okkur.

Uppbyggingarsjóður Vestfjarða er um áramótin að renna sitt starfsár undir síðustu sóknaráætlun, því var úthlutunin sem var nú í desembermánuði út frá þeirri nýju sem brátt tekur gildi. Á ári hverju fer drjúgur tími í vinnu vegna Uppbyggingarsjóðs, allra handa samskipti við styrkþega, aðstoð við frumkvöðla og annað vafstur.

Ég fór til Katowice í Póllandi á ráðstefnu með Sírý framkvæmdastjóra, Barböru frá Fræðslumiðstöðinni og Þórarni frá FAB LAB/Menntaskólanum á Ísafirði. Um var að ræða endi á evrópsku samstarfsverkefni þar sem að sveitafélögin í Slaskie héraði í Póllandi leituðu. Forsöguna má rekja til þess að þau leituðu til okkar því þau vildu fræðast um verknám, tengingu skóla og atvinnulífs og hvernig því væri háttað á Íslandi. Ég fyrir hönd Vestfjarðastofa var í forsvari ásamt Fræðslumiðstöð Vestfjarða og Menntaskólanum á Ísafirði. Ég tel að þetta verkefni eigi eftir að tengja okkur enn betur við félag okkar í Póllandi og gefa okkur tækfæri í verknámi í framtíðinni.

Ég hef haldið um hina ýmsu viðburði á árinu eða komið að þeim með einum eða öðrum hætti. Einn af stærstu viðburðum ársins er alltaf Fjórðungsþing Fjórðungssambands Vestfirðinga að hausti sem haldið var að þessu sinni á Hótel Laugarhóli í Bjarnafirði. Tókst þingið með eindæmum vel og voru 18 ályktanir samþykktar og margt og mikið rætt.

Hluti af mínu starfi eru síðan innri málin hjá Vestfjarðastofu. Það eru hin ýmsu mál sem flokkast þar undir en helst má nefna að á árinu útbjuggum við nýja aðgengilegri síðu fyrir skjöl og útgefin efni á heimasíðunni okkar.

Gleðilega hátíð



ÁTTUM NÁÐ OG ÁFRAM VEGINN

Anna Sigríður Ólafsdóttir - Ísafirði

Nú hef ég lokið mínu fyrsta ári í starfi hjá Vestfjarðastofu. Þetta býið að vera viðburðaríkt ár í lífi mínu, hvort heldur sem litið er til starfa eða einkalífs, þar sem ég meðal annars brautskráðist með meistaraþráðu í menningarmiðlun frá Háskóla Íslands, sem er góður grunnur fyrir verkefni mín hjá Vestfjarðastofu.

Starf mitt er víðfemt og má segja að ég vinni þvert á allar deildir. Ég hef því þurft að átta mig á mörgu og nú ætla ég að segja ykkur leyndarmál: Ég hafði ekki hugmynd um að Vestfjarðastofa sinnti eða kæmi að svona mörgum verkefnum – en nú veit ég það. Í árslok get ég því allavega sagt að ég hef náð áttum. Ég veit náttúrulega ekki allt frekar en nokkur, en ég veit meir og hef öðlast góðan grunn sem ég hlakka til að byggja enn frekar ofan á.

Verkefnaflóra ársins er auðug. Ein helstu verkefni mín felast í textagerð og yfirferð á allskyns texta. Ég sé um fréttaskrif á heimasíðu okkar og mánaðarlegt fréttabréf Vestfjarðastofu. Í ár fór mikill tími í allrahandu vinnu við gerð Sóknaráætlunar Vestfjarða 2025-2029, en það er aðgerðaáætlun okkar til næstu fimm ára. Vinnan við gerð hennar var afskaplega gefandi, samstarf frábært og virkilega skemmtilegt að fá að tengjast fólki vítt og breitt í ferlinu. Ég verð að viðurkenna að ég hreinlega gæti ekki verið stoltari af króganum sem leit fullmótaður dagsljósið í desembermánuði.

Ég hef talsvert aðstoðað frumkvöðla og menningarvita í sínum viðfangsefnum og hefur það verið bæði gefandi og ábatasamt. Þá vinn ég að Norðurslóðaverkefninu MERSE sem snýst um samfélagslega nýsköpun. Verkefnið er komið vel á veg og mun það verða enn sýnilegra á ári komanda, en það verður í gangi fram á mitt ár 2026.



Þá hef ég verið Skúla til halds og traust í verkefnastjórn barnamenningarhátíðarinnar Púkans, en hátíðin verður haldin í þriðja sinn vorið 2025.

Það er skemmtilegt ár í vændum með spennandi verkefnum í störfum mínum hjá Vestfjarðastofu. Miðlunarstefna Vestfjarðastofu er farin að taka á sig mynd og mun hún líta dagsljósið á nýju ári. Þá verðum við í samstarfi við hin landshlutasamtökin með röð mánaðarlegra hádegisfyrirlestra undir yfirskriftinni Forvitnir frumkvöðlar sem hefjast þann 7. janúar. Jafnframt verðum við með morgunkaffi frumkvöðla og ferðapjóna sem hefjast 14. janúar. Fylgist endilega með okkur á www.vestfiridir.is

Ég vil óska ykkur öllum gleðilegs nýs árs og þakka samfylgdina á árinu sem er að líða. Hittumst hress!

TÓNINN SETTUR FYRIR KOMANDI ÁR

Steinunn Ása Sigurðardóttir - Ísafirði

Árið 2024 hefur verið skemmtilegt ár og viðburðaríkt, sér í lagi á persónulegu nótunum hjá mér. Stærstum hluta árs helgaði ég fjölskyldunni minni og nýfæddum syni sem mætti á svæðið í janúar svo lítill hluti ársins fór í vinnu hjá mér. Í nóvember sneri ég hins vegar aftur til starfa hjá Vestfjarðastofu, endurnærð og spennt að leggja mitt af mörkum til að byggja upp framtíð Vestfjarða með öðrum og víðtækari aðferðum en að fjölga íbúum upp á eigin spýtur!


Á þessum stutta tíma hef ég þó tekist á við fjölbreytt viðfangsefni sem setja tóninn fyrir spennandi ár framundan. Ég tók aftur að mér kunnugleg verkefni, bæði tengd ungmennum og innan Markaðsstofunnar, auk þess sem ég tók við verkefnastjórn á alþjóðlega samstarfsverkefninu MERSE sem snýst um samfélagslega nýsköpun í dreifðum byggðum.

Á árinu var sérstaklega gleðilegt að sjá ungmennaráð Vestfjarða verða að veruleika eftir að hafa unnið með ungmennum að því að koma því á koppinn síðan á Ungmennahöfningi 2022. Ráðið var kjörið á ungmennahöfningi í apríl á þessu ári og á Vilborg hrós skilið fyrir að sinna þeim verkefnum með miklum sóma í minni fjarveru. Í nóvember var fyrsti formlegi fundurinn sem ég sat með þessum flotta hópi vestfirskra ungmenna og hlakka ég mikið til að kynnast ungmennaráðinu betur og styðja þau í að taka virkan þátt í mótun samfélagsins á Vestfjörðum og jafnvel víðar.

Það helsta sem er á döfinni í mínum verkefnum innan Markaðsstofunnar er heildarendurskoðun á áfangastaðaáætlun Vestfjarða sem farið verður í á árinu 2025. Það verður spennandi að vinna með öllum helstu lykilaðilum innan svæðisins í að móta framtíðarsýn um uppbyggingu ferðaþjónustu í landshlutanum og styrkja Vestfirði enn frekar sem sjálfbæran og eftirsóknarverðan áfangastað ferðamanna.

Ísland er eitt fimm landa sem tekur þátt í MERSE ásamt Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Írlandi og erum við Annska fulltrúar Vestfjarðastofu þar. Komandi ár mun einkennast af fjölbreyttum viðburðum á vegum MERSE sem snerta á samfélagslegri nýsköpun, en í henni liggja margvísleg tækifæri til að efla samfélag og umhverfi.

Ég vil þakka samstarfsfólki mínu og samstarfsaðilum fyrir hlýjar móttökur og frábært samstarf síðan ég sneri aftur til starfa. Ég lít björtum augum til ársins 2025, megi það verða gott og gjöfult fyrir Vestfirði og okkur öll sem þar búum!



TAKTFAST STEF MARKAÐSSTOFUNNAR

Sölvi Rúnar Guðmundsson - Ísafirði

Þegar líða fer að jólum er gaman að horfa til baka og fara yfir það sem maður hefur áorkaði á árinu. Störf markaðsstofunnar og Vestfjarðastofu eru fjölbreytt og það er gaman að rifja upp þau krefjandi og skemmtilegu verkefni sem rötuðu á mitt borð.

Markaðsmál

Eitt af grunnverkefnum markaðsstofunnar er kynningarstarf og upplýsingagjöf. Þessu höfum við unnið taktfast að í gegnum árin og í ár var ekki gerð undantekning á því. Við höldum ótrauð áfram á samfélagsmiðlum og heimasíðunum að bæta og betra upplýsingar, gefa út efni sem tryggir sýnileika og upplýsingar um ferðamannstaðinn okkar Vestfirði. Við sögðum sögur í samstarfi við Íslandsstofu, blaðamenn, heimildagerðafólk og áhrifavalda og tengdumst ferðskrifstofum og ferðaheildsölum á ferðasýningunum Mannamótum í Kópavogi, Vestnorden í Færeyjum og á World Travel Market í London.

Í sumar settum við í gang innanlandsherferð til að kynna Vestfjarðaleiðina og hana sá þriðjungur þjóðar. Hún þótti vel heppnuð og fengum við hrós fyrir gott markaðsefni frá auglýsingastofunum. Hvernig er ekki hægt að vera með gott efni þegar fyrirsetan manns er Vestfirðir?

Vestfjarðaleiðin

Verkefnið Vestfjarðaleiðin er enn í þróun og vinnslu. Tekin voru spennandi skref í átt að samstarfi við sveitarfélögin um kortlagningu og uppbyggingu þjónustu- og áningarstaða á Vestfjarðaleiðinni. Markmiðið er að bæta þjónustustigið á leiðinni en hafa hönnun í fyrirrúmi þannig að hvert stopp sé áhugavert aðdráttarafl fyrir ferðamenn.

Margt annað

Á fyrri hluta árs sat ég fyrir hönd Markaðsstofunnar og Vestfjarðastofu í tveimur starfshópum á vegum Menningar- og viðskiptaráðuneytisins. Annars vegar í hópium ferðamálastefnu og aðgerðaráætlun til 2030 og hins vegar í starfshópi um brún ferðamannastaða- og ferðaleiðaskilti. Við höfum bæði staðið fyrir og komið að fjölda viðburða. Þar á meðal fundum um skemmtiferðaskip og vetraferðþjónustu.



Lokahóf ferðþjónustunnar var haldið með flottum erindum um hvalaskoðun og sölu og markaðsmál, einnig komum við að menntafundum hæfnissetursins, viðburði Startup Westfjords og mörgu öðru. Í mars fór í loftið vefsíðan www.inwest.is, sem ég lagði töluverða vinnu í en þriðjungur hennar fjallar um fjárfestingatækifærin sem eru í ferðþjónustu á svæðinu.

Þá má ekki gleyma eftir langan aðdraganda og samtali við Lilju Dögg Alfreðsdóttur ferðamálaráðherra náðum við saman um samning um Vetrarferðþjónustu. Samningurinn felur í sér þróunarvinnu sem er ætlað að byggja upp vetrafangastaðinn Vestfirði. Þetta er vissulega ekki tæmandi listi og margir fundir og verk sem ekki fá útlistunina sem þau eiga skilið, en meira um það þegar við hittumst á nýju og spennandi ferðþjónustuári.

Gleðileg jól og nýtt ár og takk fyrir árið 2024

FENGSÆLD, FRUMKVÖÐLAR OG BJARTSÝNI

Magnús Bjarnason - Ísafirði

Þegar farið er yfir ár eins og 2024 þá situr eftir hverjum maður kynntist og hvað maður lærði af þeim sem maður hittir. Það er nefnilega svo ánægjulegt að læra nýja hluti sem víkka sjóndeildarhringinn til muna. Blessunarlega var árið 2024 svoleiðis ár. Flest starfsárin hér á Vestfjarðastofu eru reyndar viðburðarrík, annasöm og skemmtileg.

Í starfsáætlun eru línur lagðar og lögð niður þau markmið sem skal ná. Eitt af þessum markmiðum voru fleiri erlend samstarfsverkefni. Árið hefur einkennst að því að sækjast eftir erlendu samstarfi út frá því hverjir eru að kljást við svipuð verkefni eða luma á spennandi lausnum. Allt snýst um að finna aðila sem passa saman og geta í framhaldinu efnt til samstarfs. Verkefni að nafni BOCOD fékk í lok árs vilyrði fyrir styrk, en markmið þess er að auðvelda kynslóðaskipti í dreifbýli með stafrænum lausnum og verður það unnið með írskum, finnskum aðilum, ásamt Austurbrú. Verkefnið hefst árið 2025 og aldrei að vita nema fleiri verkefni skili sér í hús – því þeir fiska sem róa.

Evrópuverkefnið RECET sem hófst árið 2023 var umfangsmikið á árinu. Stærst var ferð til Samsö Energiakademi til að kynna aðferðafræði til orkuskipta, sem voru kynntar á vinnustofum sem haldnar voru vítt um Vestfirði. Í tengslum við ferðina var Landbúnaðarháskóli Danmerkur var heimsóttur og skoðaðar rannsóknir þeirra á áhrifum þörungafóðurs til minnkunar metans frá kúm. Þó rannsóknirnar og niðurstöðurnar hafi verið áhugaverðar, þá var það stærð og umfang þeirra sem var eftirtektarverðast.



Þörunga- og skelrækt voru fyrirferðarmikil á árinu en mikil tækifæri eru í ræktun og vinnslu á þessari sjávarafurð í fjörðunum okkar. Unnið var með Reykhólahreppi og Félagi skeldýraræktenda í að endurvekja skeldýrarækt á Vestfjörðum. Varðandi þörungarækt hefur verið unnið að því að fá lagamma um greinina svo hægt verði að hefja ræktun í sjó. Árangur hefur náðst í að vekja áhuga á málinu og óskum okkar um heilstæða löggjöf um málið.

Að lokum, aðstoð við fólk og frumkvöðla er stór hluti starfsins og í raun sá sem allt starf miðast að. Á þessu ári var veitt ýmiskonar ráðgjöf varðandi matvæli, orku, líftækni, sjávarútveg, ferðaþjónustu, snyrtivörur, minjagripi og ýmislegt fleira. Það kemur sífellt á óvart hve frjóar hugmyndir fólk kemur fram með og það er mikilvægt fyrir okkur að vita af frumkvöðlum á Vestfjörðum til að beina áfram í stærri sjóði.

Það er mín ósk að sú bjartsýni sem einkennt hefur árið smitist yfir á næsta ár.

MARGT LÆRT HJÁ NÝJUM VESTFIRÐINGI

Vilborg Pétursdóttir - Ísafirði

Ég hóf störf á Vestfjarðastofu seinni hluta árs 2023 og tók við verkefnum Steinunnar Ásu á meðan hún var í fæðingarorlofi. Árið 2024 hófst á Mannamótum þar sem ég fór með Markaðsstofu Vestfjarða og ferðapjónum af svæðinu til að kynna Vestfirði fyrir gestum. Fyrri hluta árs vann ég síðan að uppfærslu samantektar á Áfangastaðaáætlun sem var gefin út í mars. Í vor skipulagði ég tveggja daga Ungmennaping Vestfjarða hér á Ísafirði þar sem 50 ungmenni af öllum Vestfjörðum komu saman til að fræðast og skemmta sér. Í lok þings var stofnað fyrsta Ungmennaráð Vestfjarða. Þessi viðburður tókst vonum framfar og verður hann aftur á dagskrá árið 2025.

Í samvinnu við Ísafjarðarbæ og Bolungarvíkurkaupstað settum við saman viðburð sem heitir Í góðum félagsskap og fól í sér kynningu á félagsstarfi á Norðanverðum Vestfjörðum. Fjöldmörg félagasamtök og íþróttafélög voru með bása og kynntu starfsemi sína í Edinborgarhúsinu. Þetta var mjög skemmtilegt og gaman að sjá hversu fjölbreyttur félagsskapur stendur okkur öllum til boða á svæðinu. Stefnt er að því að endurtaka leikinn á næsta ári.

Yfir árið hef ég jafnt og þétt unnið að ýmsum uppfærslum á upplýsingum á vefsíðunni okkar www.VisitWestfjords.is ásamt því að skrifa regluleg blogg sem innihalda hagnýtar og skemmtilegar upplýsingar um Vestfirði fyrir ferðamenn. Yfir sumarið skipulagði ég ferðir fyrir fjölmiðlafólk um Vestfirði í samvinnu við Íslandsstofu til að gefa þeim innsýn í allt það sem svæðið hefur upp á að bjóða.

Í haust komum við á markaðsstofunni að vinnustofum Blábankans sem kallast Startup Westfjords þar sem var farið yfir gagnsemi gervigreindar í ferðapjónustu og í lok október fór ég á Egilsstaði á árlegan hitting Markaðsstofa landshlutanna (MAS). Fyrri dagurinn þar var nýttur í heimsóknir og kynningu á starfsemi á Austurlandi en seinni dagurinn var helgaður sameiginlegri vinnu markaðsstofanna er viðkemur helstu málefnum ferðapjónustunnar.

Nú er Steinunn Ása snúin aftur til vinnu og tekur hún aftur við verkefnum Ungmennaráðs og Áfangastaðaáætlunnar. Ég mun einbeita mér að verkefnum Markaðsstofunnar, Vestfjarðaleiðarinnar og fleiri skemmtilegum verkefnum. Árið sem er að líða hefur verið viðburðarríkt og síðast en ekki síst lærdómsríkt fyrir nýjan Vestfirðing eins og mig.



ÁR Í UMFJÖLLUN: HUGLEIÐINGAR UM FERÐALAGIÐ MITT Í VINNUNNI

Kristín Hulda Guðjónsdóttir - Ísafirði

Nú þegar þetta ár er á enda finn ég sjálfa mig hugsu um reynslu mína og vöxt í hlutverki mínu hjá Vestfjarðastofu. Ég hef fengið tækifæri til að takast á við margvísleg verkefni sem halda mér við efnið og er stöðugt að læra. Hver dagur gefur ný tækifæri til að þróa færni mína og leggja mitt af mörkum.

Eitt af því athyglisverðasta við þetta ár er hversu hratt það leið. Tíminn flaug því ég elska það sem ég geri. Hvert verkefni, hvort sem það er stórt eða lítið, hafði tilgang og ég er spennt að mæta í vinnuna á hverjum degi. Það komu auðvitað dagar sem mér þóttu krefjandi, en almenn ánægja af starfi mínu hélt mér við efnið og halda áfram að skila mínu besta.

Samvinna hefur gegnt lykilhlutverki í velgengni minni. Ég er svo heppin að vinna með teymi vinnufélaga sem deilir ekki aðeins með sér sérfræðipækkingu heldur færir einnig jákvæða orku sem gerir vinnustaðinn að frábæru umhverfi til að vaxa í. Saman höfum við getað klárað verkefni á skilvirkan hátt, þar sem hver einstaklingur hefur lagt sitt af mörkum.


Þegar ég lít til baka yfir árið er einn stærsti lærdómurinn sem ég hef lært mikilvægi þess að viðurkenna eigin möguleika. Ég hef komist að því að ég er fær um miklu meira en ég gef mér oft heiður fyrir. Hvort sem það er að stýra verkefnum eða takast á við óvæntar áskoranir. Ég hef áttað mig á því að ég get staðið undir því og náð markmiðum sem einu sinni virtust ógnvekjandi.

Ég hlakka til ársins 2025. Ég er spennt fyrir því að halda áfram að vaxa, takast á við ný verkefni og setja mér markmið. Komandi ár býður upp á endalaus möguleika og ég er tilbúinn að taka á móti þeim með sama eldmóði og alúð og skilgreindi árið 2024.



MOKUM OFANÍ SKURÐI

Hjörleifur Finnsson - Ísafirði



Sem verkefnastjóri hjá Vestfjarðastofu sinnti ég ýmsum umhverfismálum fyrir Vestfirðinga; verkstýrði gerð svæðisáætlunar um úrgang, hóf vinnu við gerð loftslagsstefnu sveitarfélaganna, gerði úttekt á möguleikum til stofnunar þjóðgarða og skoðaði möguleika til kolefnisjöfnunar á Vestfjörðum, svo eitthvað sé nefnt. Í fjölbreyttri vinnu lærir maður geysimargt, en ég ætla bara að segja frá einu.

Í nafni framfara og búsældar voru bændur styrktir til að ræsa fram votlendi út um allar koppagrundir á Íslandi. Það er svo ekki fyrr en áratugum seinna sem menn gerðu sér grein fyrir neikvæðu afleiðingunum: framræstu mýrarnar losa gróðurhúsalofttegundir í stórum stíl, yfirleitt um 19,5 tonn á hektara á ári. Þær halda áfram að losa þetta magn í árhundruð, - um 6 milljón tonn á ári - sem er næstum því helmingurinn af allri losun á Íslandi. Allir bílarnir, öll skipin og bátarnir, öll samfélagslega losunin er 2,8 milljón tonn.

Þetta er ekki bara hræðileg staðreynd heldur líka stórt tækifæri.

Undanfarin ár hefur lítið gerst í endurheimt votlendis, meðal annars vegna þess að ekki var til aðferðafræði til að mæla árangur endurheimtarinnar. Það stendur til bóta og á næsta ári má búast við að verkefni á þessu sviði geti hafist á ný.

Það sem gerir endurheimt votlendis í stórum stíl mögulegan er:

- Talsvert af þessu framræsta votlendi er ekki í notkun sem landbúnaðarland og því litlir sem engir hagsmunir í að halda því óbreyttu.
- Hagkvæmt virðist vera að stofna til verkefna sem gefa af sé kolefniseiningar með endurheimt votlendis, þar sem kostnaður per hektara er lágur, bindingin er mikil og hægt er að selja kolefniseiningar

Endurheimt votlendis er ekki einungis mikilvæg til að standa við gefin loforð í samdrætti á losun og aukinni kolefnisjöfnun, hún hefur einnig tvennskonað annað gildi. Endurheimt votlendis er afar jákvæð fyrir fuglalíf og líffræðilega fjölbreytni. Hitt er að endurheimt votlendis er mikilvæg fyrir loftslagsaðlögun. Nú á þessu ári, sem er fyrsta árið sem hiti á jarðarvísu fer yfir 1,5 gráður miðað við fyrir iðnbýltingu, er orðið fulljóst að loftslagsbreytingar munu valda gríðarlegum áskorunum fyrir samfélag manna. Þeim fylgja breytingar á úrkomumynstri, sem felast í þurrkum og samsvarandi flóðum þegar loks rignir. Þegar rignir eftir langa þurrka, tekur þurr jarðvegur ekki við vatni, heldur rennur vatnið beint út í næstu á og þaðan út sjó engum til gagns.

Votlendi virkar eins og náttúrulegur dempari á neikvæð áhrif þurrka og úrhellisrigninga. Það safnar í sig vatni í rigningum og drenar svo stöðugt frá sér í þurrkum. Ef þú ættir land við góða silungsá á Vestfjörðum, væri ein af betri hugmyndunum til að vernda hana, tryggja vatnsrennsli og seiðabúskap, að moka ofan í skurðina dalnum.

HEF KOMIÐ VÍÐA VIÐ Í VESTRAHÚSINU

Margrét J. Birkisdóttir – Gréta – Ísafirði

Ég hóf störf hjá Þróunarsetri Vestfjarða árið 2001 og því má segja að ég hafi fylgst náið með störfum Fjórðungssambands Vestfirðinga og atvinnuþróun í fjórðungnum í á þriðja áratug. Fyrst um sinn sá ég um bókhald fyrir Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða og þegar Háskólasetur Vestfjarða var stofnað tók ég að mér bókhaldið þar og svo bættist Fjórðungssambandið seinna við.

Þegar Vestfjarðastofa tók til starfa árið 2018 varð ég starfsmaður hennar og sinni bókhaldi stofnunarinnar. Einnig sinni ég enn bókhaldi fyrir Þróunarsetrið, Fjórðungssambandið og Háskólasetrið, auk Bláma. Ég hef því sinnt ansi mörgum stofnunum í Vestrahúsinu og víðar – og líka ferðast talsvert innanhúss.

Suma daga fæst ég við venjubundin störf á skrifstofunni. Svo koma dagar sem geta verið ansi fjölbreyttir þar sem kannski koma aðilar frá öllum þessum stofnunum og eru að leita upplýsinga eða koma með pappíratil mín.

Ég sendi ykkur öllum kærar óskir um gleðileg jól og farsælt nýtt ár.



Bestu óskir um gleðilega jólahátíð

OG FARSÆLD Á KOMANDI ÁRI



Vestfjarðastofa

MENNINGIN, PÚKINN OG AÐRAR KYNJAVERUR

Skúli Gautason – Hólmavík

Þetta ár sem er að kveðja var býsna fjölbreytilegt. Helstu verkefni mín á menningarviðinu voru Púkinn, barnamenningarhátíð Vestfjarða var haldinn í apríl um alla Vestfirði. Hann tókst mjög vel þrátt fyrir lítið fjármagn og þá sérstaklega verkefnið „Heill heimur af börnum“ í Grunnskóla Ísafjarðar. Í Djúpvík var opnuð sýningin 1615 á vegum Baskaseturs Íslands í einum af gömlu lýsistönkunum. Sýningin þykir sérlega vel heppnuð og mikil upplifun. Ég aðstoðaði Listahátíð í Reykjavík við að koma með stórskemmtilega útileikhússýningu á Ísafjörð þar sem allskyns misgeðsleg sæskrímsli stigu á land og hrelldu íbúa. Þá tók ég þátt í undirbúningi forsætisráðuneytisins vegna hátíðahalda 80 ára afmælis lýðveldisins.

Ég átti mjög gott samstarf með menningarfulltrúum landshlutanna á árinu. Við heimsóttum RÚV, Listahátíð í Reykjavík, List fyrir alla, Bandalag íslenskra listamanna og Menningar- og viðskiptaráðuneytið og vöktum athygli á því að menningarstarf fer fram um allt land en ekki bara í 101. Menningarfulltrúarnir komu síðan í heimsókn til Vestfjarða og voru mjög hrifnir af því góða menningarstarfi sem hér er unnið.



Ég hef komið að uppbyggingu Rannsóknaseturs skapandi greina við Háskólann á Bifröst og sótti áhugavert málþing sem þau stóðu fyrir á Akureyri sem varpaði ljósi á mikilvægi skapandi greina í útflutningsverðmætum þjóðarinnar. Ég fór einnig á Hönnunarþing Ísland á Húsavík, sem að þessu sinni var helgað hvernig tónlist tengist hönnun. Ég vann að umsóknarferli Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða fyrir verkefni ársins 2025. 98 umsóknir bárust og 60 verkefni hlutu styrk. Síðasta verkefni ársins var svo að kortleggja staði sem hýsa menningarviðburði fyrir Menningar- og viðskiptaráðuneyti, en stefnt er að því að gera gagna- eða kortagrunn með þeim upplýsingum.

Á næsta ári verður ráðist í gerð menningarstefnu fyrir Vestfirði. Menningarstefnan mun styðjast við þær áherslur sem settar eru í nýrri Sóknaráætlun Vestfjarða en farið verður meira á dýptina og samhliða henni verður unnin aðgerðaáætlun. Framundan er undirbúningur Púkans'25 sem verður 31. mars -11. apríl, en hátíðin hlaut veglegan styrk úr Barnamenningarsjóði. Þá verður sérstök áhersla verður lögð á kynningarmál Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða og vekja sérstaka athygli á því sem styrkþegar eru að fást við. [AÓ1] [AÓ2] Við ætlum að halda áfram að laða kvikmyndaverkefni til Vestfjarða. Slíkum verkefnum fylgja oft mikil umsvif og ef vel tekst til vekur afurðin athygli á Vestfjörðum.

Stuðningur og margvísleg ráðgjöf er svo alltaf stór hluti af mínu starfi og kannski það sem mér þykir vænst um.

Ég óska Vestfirðingum öllum gleðilegs og skapandi nýs árs og þakka innilega fyrir það gamla.

